



Knattspyrnudeild ÍBV,
Magnús Sigurðsson formaður,
Alex Freyr Hilmarsson framkvæmdastjóri
Sent með tölvupósti.

Reykjavík, 26. maí 2026

Efni: Úrskurður vegna atviks í leik FH gegn ÍBV í Bestu deild kvenna 20. maí 2026.

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ var tekið fyrir erindi sem málskotsnefnd KSÍ sendi til nefndarinnar með vísan til gr. 6.2 og 6.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Erindið varðaði atvik sem átti sér stað í ofangreindum leik sem fór fram í Bestu deild kvenna. Erindið barst nefndinni 22. maí sl. og með tölvupósti sama dag var ÍBV veittur frestur til að skila greinargerð eða gera athugasemdir vegna málsins til kl. 12:00 þann 26. maí 2026. Engar athugasemdir bárust og var málið því tekið til úrskurðar á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

Niðurstaða:

Í samræmi við ákvæði 6.2. og 6.3. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál úrskurðar nefndin m.a. um önnur mál sem málskotsnefnd KSÍ eða aðrir, sem til þess hafa heimild, beina til nefndarinnar eða nefndin telur ástæðu til að hafa afskipti af vegna knattspyrnuleikja sem fram fara á Íslandi enda fjalli ekki aðrir um þau. Nefndin getur úrskurðað um alvarleg agabrot sem dómari og aðstoðarmenn hans sáu ekki í leik sem koma inn á borð nefndarinnar frá málskotsnefnd KSÍ. Fyrir aga- og úrskurðarnefnd liggur fyrir staðfesting dómara leiksins að hvorki hann né aðstoðarmenn hans hafi séð það atvik sem lýst er í erindi málskotsnefndar KSÍ.

Með erindi málskotsnefndar fylgdi myndskreið af atvikinu. Aga- og úrskurðarnefnd telur sér heimilt með vísan til gr. 6.5 að styðjast við myndbandsupptökur þar sem ekki liggur fyrir skýrsla dómara eða eftirlitsmanns um atvikið. Að mati nefndarinnar sést greinilega á myndböndum sem liggja fyrir þegar leikmaður ÍBV, Olga Sevcova, rekur olnboga í andlit leikmanns FH þegar boltinn er fjarri.

Að mati aga- og úrskurðarnefndar er um að ræða alvarlegt agabrot sem felur í sér ofsafengna framkomu og varði viðurlögum samkvæmt 13. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Aga- og úrskurðarnefnd lítur á sem svo að um sé að ræða háttsemi sem geti verið hættuleg. Með vísan til alls framangreinds er það mat aga- og úrskurðarnefndar að leikmaðurinn skuli sæta tveggja leikja banni í Íslandsmóti vegna háttsemi sinnar. Leikbann tekur gildi kl. 12:00 næsta dag eftir birtingu úrskurðar.

Úrskurðarorð:

Olga Sevcova skal sæta tveggja leikja banni í Íslandsmóti.

Virðingarfyllt,
f.h. aga- og úrskurðarnefndar KSÍ,


Axel Kári Vignisson